

11. júní 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn LS um tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Mál nr. 775 Þingskjal 1362

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

I. Tillögur LS

Landssamband smábátæigenda (LS) ítrekar áðursendar tillögur um strandveiðar, línuvillnun, byggðakvóta og áframeldi á þorski.

Strandveiðar

Aflaviðmiðun verði aukin um 2.000 tonn, úr 8.600 í 10.600. Með þeim hætti yrði komið til móts við kröfur hinna dreifðu byggða um aukna atvinnu, umsvifa, kröfur ferðaþjónustunnar og almenna vellíðan yfir sumarið. Nær það jafnt til fiskvinnslu, sjómennsku, þjónustu og aukinna tekna viðkomandi byggðalaga.

Aukningu yrði deilt niður á svæði m.t.t. fjölda báta. Veiðidögum mundi þannig fjölga á þeim svæðum sem þeir hafa verið fæstir. Á árinu 2014 var skiptingin þannig:

Svæði A: 29 dagar 238 bátar

Svæði B: 45 dagar 142 bátar

Svæði C: 55 dagar 147 bátar

Svæði D: 64 dagar 124 bátar

Auknar veiðiheimildir kæmu frá:

- a. Byggðakvóta – reglum um hann yrði breytt þannig að skilyrt yrði að veiðiheimildir gengju einvörðungu til dagróðrabáta. Sá hluti aflaheimilda sem hingað til hafa verið nýttar af útileguskipum færu í að efla strandveiðar.
- b. Áframeldi á þorski yrði hætt – aflaheimildir gengju til strandveiða.



- c. Rækju- og skeluppbætur – bætur sem færðar hafa verið frá bátum eða stöðum sem fengu þær upphaflega. Téðar bætur gangi til strandveiða.

Línuveiðar

Það er krafa LS að ívilnun til línuveiða nái til allra dagróðrabáta. Félagið leggur til að ívilnun verði aukin, auk þess sem fyrir er A verði til nýtt kerfi B sem taki til dagróðrabáta með beitningarvél.

Afli til ívilnunar í kerfi B verði eftirstöðvar afla sem ekki nýttist við línuívilnun á tímabilinu 2003 – 2012. Heimildunum verði deilt niður á næstu 3 – 4 fiskveiðiár.

Porskur	6.888 tonn
Ýsa	1.915 tonn
Steinbítur	1.943 tonn

Byggðakvóti

LS leggur til að innleidd verði ný aðferð við úthlutun á byggðakvóta og hann verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.

Flóknar reglur hafa orðið til þess að neikvæð umræða hefur verið um byggðakvótann. LS boðar einfaldleika sem felst í að heimildum verði úthlutað til sveitarfélaga sem nota þær til ívilnunar fyrir dagróðrabáta sem eiga heimahöfn á viðkomandi byggðarlagi. Sveitarfélög hefðu sjálfvald um hversu há ívilnun væri og hvenær ívilnunin væri nýtt.

Með framangreindri aðferð yrði allri tortryggni um úthlutun og reglur þar um eytt, þar sem veiðiheimildir fást aðeins þegar afla er landað. Það er skoðun LS að allur afli báta sem njóta byggðakvóta verði seldur í gegnum fiskmarkaði.

Við að skilyrða nýtingu byggðakvóta við dagróðrabáta vinnst fjölmargt. Þar má nefna aukin verðmæti, aukið framboð á ferskum fiski og samkeppni sem ekki er háð á jafnréttisgrundvelli leggst af. Þar er átt við að smáar einstaklingsútgerðir séu ekki gert að keppa við stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins sem skila árlega milljarða hagnaði og hafa gnægð veiðiheimilda í öllum kvótasettum tegundum. Auk þess sem hér hefur verið upptalið er að breytingin smellpassar við niðurstöður í skýrslu Vífils um góðan árangur af aflamarki Byggðastofnunar, en það er allt nýtt af dagróðrabátum.

II. Athugasemdir við einstaka efnisliði

1. mgr.

Kveða verður skýrt á um að efni þingsályktunarinnar sé aðeins til eins árs og efni hennar sé á engan hátt skilyrt við sex ár.



Töluliðir 1 – 6 innihalda þá sex þætti sem þingsályktuninni var ætlað að ná til. LS gerir athugasemd við þá framsetningu að tilgreina einungis eina prósentutölu sem byggð er á samtölu heimilda í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Á þann hátt er ekki verið að útfæra hlutfall einstakra tegunda í hvern pott. LS fær ekki betur séð en að með afnámi bráðabirgðaákvæða sbr. L 48/2014 hafi trygging fyrir aflamagni í þessum fjórum tegundum umfram 5,3% verið afnumin. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflum gáfu 5,3% af tegundum fjórum 16.532 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári, sem er rúmum 10 þús. tonnum minna en fór í pottana.

Eins og fram kom á fundi LS með atvinnuveganefnd 4. júní sl. telur félagið þær aflatöflur sem fylgja með frumvarpinu ekki nægjanlega skýrar. LS hefur því útbúið töflur sem það telur að upplýsi nefndarmenn betur um málefnið. Þar kemur m.a. fram hversu hátt hlutfall af hverri tegund hefur farið í hvern pott undanfarin þrjú fiskveiðiár. Þannig að dæmi sé tekið er hlutur þorsks til strandveiða nú 37,58% af því sem fór í pottana á yfirstandandi fiskveiðiári.

LS lýsir gríðarlegum vonbrigðum með að ekki skuli vera innbyggt í þingsályktunina að aukning veiðiheimilda í tegundunum fjórum skili sér í pottana. Á öllum stigum hefur málið verið kynnt á þann veg og hvetur LS nefndina til að taka þar af allan vafa. Ítrekað er það sem áður er fram komið að mikið vantar upp á að 5,3% ein og sér í hverri tegund skili þeim aflaheimildum sem farið hafa í pottana. Í þorski vantaði t.d. um fjögur prósentustig hlutdeildar – 8.510 tonn.

Varðandi samtöluprósentu heimilda í potta er rétt að velta hér upp að með honum opnast sá möguleiki að gera breytingar innan tegunda svo framarlega sem samtala gangi upp í hverri pottategund. (sjá einnig töflur í fylgiskjali)

Fiskveiðiárið 2014/2015

Tegund	Úhlutun	5,3% af úhlutun	Heimildir í skiptum 5,3%	Samtals	Hlutdeild úr heildarafla	Strandveiðar		Rækju- og skelbætur	
						hlutur	hlutdeild úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	216.000 tonn	11.448 tonn	8.510 tonn	19.958 tonn	9,24%	7.500 tonn	37,58%	1.385 tonn	6,94%
Ýsa	30.400 tonn	1.612 tonn	937 tonn	2.549 tonn	8,38%	0 tonn	0,00%	195 tonn	7,65%
Ufsi	58.000 tonn	3.074 tonn	412 tonn	3.486 tonn	6,01%	1.100 tonn	31,55%	372 tonn	10,67%
Steinbítur	7.500 tonn	398 tonn	610 tonn	1.008 tonn	13,44%	0 tonn	0,00%	48 tonn	4,76%
Samtals	311.900 tonn	16.532 tonn	10.469 tonn	27.001 tonn	8,66%	8.600 tonn	31,85%	2.000 tonn	7,41%

Tegund	Byggðakvóti		aflamark Byggðastofnunar		Línuvinnun		Fristundaveiðar	
	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	5.094 tonn	25,52%	2.404 tonn	12,05%	3.375 tonn	16,91%	200 tonn	1,00%
Ýsa	717 tonn	28,13%	338 tonn	13,26%	1.300 tonn	51,00%	0 tonn	0,00%
Ufsi	1.368 tonn	39,24%	646 tonn	18,53%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%
Steinbítur	177 tonn	17,56%	83 tonn	8,23%	700 tonn	69,44%	0 tonn	0,00%
Samtals	7.356 tonn	27,24%	3.471 tonn	12,86%	5.375 tonn	19,91%	200 tonn	0,74%



Fiskveiðiárið 2013/2014

Tegund	Úhlutun	4,8% af úthlutun		Heimildir í skiptum 4,8%		Samtals	Hlutfeld úr heildarafla	Strandveiðar		Rækju- og skelbætur	
		hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti			hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	214.400 tonn	10.291 tonn	10.742 tonn	19.685 tonn	9,18%	7.500 tonn	38,10%	1.486 tonn	7,55%		
Ýsa	38.000 tonn	1.824 tonn	2.548 tonn	3.550 tonn	9,34%	0 tonn	0,00%	226 tonn	6,37%		
Úfsi	57.000 tonn	2.736 tonn	941 tonn	3.677 tonn	6,45%	1.100 tonn	29,92%	493 tonn	13,41%		
Steinbitur	7.500 tonn	360 tonn	880 tonn	1.195 tonn	15,93%	0 tonn	0,00%	50 tonn	4,18%		
Samtals	316.900 tonn	15.211 tonn	15.111 tonn	28.107 tonn	8,87%	8.600 tonn	30,60%	2.255 tonn	8,02%		

Tegund	Byggðakvóti		aflamark Byggðastofnunar		Línuvinnun		Fristundaveiðar	
	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	5.574 tonn	28,32%	1.450 tonn	7,37%	3.375 tonn	17,14%	300 tonn	1,52%
Ýsa	988 tonn	27,83%	236 tonn	6,65%	2.100 tonn	59,15%	0 tonn	0,00%
Úfsi	1.482 tonn	40,30%	602 tonn	16,37%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%
Steinbitur	195 tonn	16,32%	50 tonn	4,18%	900 tonn	75,31%	0 tonn	0,00%
Samtals	8.239 tonn	29,31%	2.338 tonn	8,32%	6.375 tonn	22,68%	300 tonn	1,07%

Fiskveiðiárið 2012/2013

Tegund	Úhlutun	2,8% af úthlutun		Heimildir í skiptum 80%		Samtals*	Hlutfeld úr heildarafla	Strandveiðar		Rækju- og skelbætur	
		hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti			hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	195.400 tonn	2.955 tonn	10.620 tonn	18.575 tonn	9,51%	6.800 tonn	36,61%	1.433 tonn	7,71%		
Ýsa	36.000 tonn	608 tonn	2.432 tonn	3.040 tonn	8,44%	0 tonn	0,00%	264 tonn	8,68%		
Úfsi	50.000 tonn	500 tonn	2.005 tonn	3.605 tonn	7,21%	1.800 tonn	49,93%	367 tonn	10,18%		
Steinbitur	8.500 tonn	225 tonn	898 tonn	1.123 tonn	13,21%	0 tonn	0,00%	63 tonn	5,61%		
Samtals	289.900 tonn	4.288 tonn	15.955 tonn	26.343 tonn	9,09%	8.600 tonn	32,65%	2.127 tonn	8,07%		

Tegund	Byggðakvóti		Áframeldi á þorski		Línuvinnun		Fristundaveiðar	
	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	6.167 tonn	33,20%	500 tonn	2,69%	3.375 tonn	18,17%	300 tonn	1,62%
Ýsa	676 tonn	22,24%	0 tonn	0,00%	2.100 tonn	69,08%	0 tonn	0,00%
Úfsi	1.439 tonn	39,92%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%
Steinbitur	160 tonn	14,25%	0 tonn	0,00%	900 tonn	80,14%	0 tonn	0,00%
Samtals	8.442 tonn	32,05%	500 tonn	1,90%	6.375 tonn	24,20%	300 tonn	1,14%

* Viðbætur í þorski (5.000 tonn) og úfsa (1.100 tonn) sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. I og IX

Töluliður 7

Landssamband smábátæigenda gerir ekki athugasemd við brottfall heimilda til áframeldis í þorski, sbr. 7. tölulið. LS ítrekar kröfu sína um veiðiheimildirnar – 500 tonn verði bætt við viðmiðunarafla strandveiða.

Töluliður 8

Þar sem þau svör fengust á fundi LS með atvinnuveganefnd 4. júní sl. að ekki væri áformað að breyta lögum um stjórn fiskveiða samfara þingsályktuninni telur LS þennan lið þingsályktunarinnar skorta lagastoð. Því er nokkuð ljóst að óumflýjanlegt er að fella hann út.

Verði hins vegar gerð breyting á lögum um stjórn fiskveiða þannig að töluliðurinn öðlist líf gerir LS eftirfarandi athugasemdir:



Með skírskotun til umsagnar LS við frumvarp um stjórn veiða á NA-Atlantshafsmakríl leggur LS til að veiðiheimildir í a. og b – lið 8. tl. leggist við veiðiheimildir sem koma í hlut smábáta sbr. reglugerð.

Við 1. umræðu um þingsályktunina var það almennur skilningur að með efni tölulíðsins væri tryggt að veiðiheimildir til færaveiða smábáta á makríl yrði vart lægri en 15 þús. tonn. Komi það í hlut smábáta samfara óbreyttu veiðikerfi eru frjálsar veiðar þeirra tryggðar í nokkur ár. Þannig væri hægt að þróa og betrubæta veiðarnar enn meir og tryggja að öflugur floti báta um land allt væri til staðar til makrílveiða við stendur landsins þar sem stærri skip hafa ekki aðgang.

Komi sú staða upp að makríllinn gangi ekki á veiðislóð smábáta eða í það takmörkuðu magni að veiðimagnt sem þeim er ætlað náist ekki er sjálfgefið að óveitt gangi til stærri skipa.

Þær hugmyndir sem fram koma í a-lið um greiðslu gjalds umfram veiðigjald eru óraunhæfar og ber því að fella út. Vitnað skal til umsagnar LS um frumvarp um stjórn veiða á NA-Atlantshafsmakríl því til staðreyndar. Ennfremur eru ítekaðir hér kostnaðarliðir sem voru í umsögninni.

Dæmi: Tekjur af 150 tonnum = 10,5 milljónir aflaverðmæti

Kostnaður:

<i>Veiðigjöld</i>	<i>2,70 milljónir</i>
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>4,20 milljónir</i>
<i>Markaðskostnaður</i>	<i>0,50 milljónir</i>
<i>Hafna-, afla- og þjónustugjöld</i>	<i>0,21 milljónir</i>
<i>Olíukostnaður</i>	<i>0,35 milljónir</i>
<i>Afborgun veiðarfæra</i>	<i>1,00 milljón</i>
<i>Tryggingar</i>	<i>0,30 milljónir</i>
<i>Annar kostnaður</i>	<i><u>1.40 milljónir</u></i>
<i>Samtals:</i>	<i><u>10,66 milljónir</u></i>

Töluliður 9

Síldveiðar smábáta á íslenskri sumargotssíld í Breiðafirði á sér ekki langa sögu.

Haustið 2011 hófust tilraunaveiðar smábáta á síld í Breiðafirði af 5 bátum sem gerðir voru út frá Stykkishólmi. Skemmst er frá því að segja að veiðarnar gengu framar vonum og gáfu skýr skilaboð um að þær ættu framtíðina fyrir sér hjá smábátum.

Veiðarnar á hausti og fram á vetur 2012 sönnuðu það rækilega, en þá stunduðu 36 bátar veiðar og nam afli þeirra 816 tonnum.

Á árinu 2013 stunduðu alls 42 bátar veiðarnar. Þá brá svo við að síldin skellti sér undir brúna í Kolgrafarfirði. Ákveðið var að gefa veiðar þar frjálsar, en sökum hættulegra aðstæðna voru ekki allir bátarnir sem gátu nýtt sér slíkt. Alls voru veidd



253 tonn innan brúar í Kolgrafarfirði og heildaraflinn varð alls um 800 tonn. Þannig voru veiðiheimumildir fullnýttar en alls voru 543 tonn til ráðstöfunar.

Á árinu 2014 var ákveðið með L 48/2014 að hækka gjald sem greiða átti til síldveiða úr 13 kr. í 16. LS mótmælti ákvörðuninni og benti m.a. á að verð á mörkuðum hefði lækkað á árinu 2013 og enn væru þrengingar á mörkuðum. Gjaldið væri því yfir þolmörkum varðandi kostnað við veiðarnar. Aðeins 2 bátar stunduðu veiðarnar í fyrra.

Samvinna milli veiða og vinnslu var til fyrirmyndar. Agustson í Stykkishólmi gaf sjómönnum upplýsingar um hvernig best yrði staðið að meðhöndlun síldarinnar þannig að hægt yrði að markaðssetja sem hágæða vöru. Svörun markaðarins var jákvæð bæði fyrir heilfrystri stórrí síld (demantssíld) og flökum af millisíld. Fyrirtækið Agustson ákvað að fjárfesta í tækjabúnaði til að svara eftirspurninni og vera um leið tilbúið að taka við síld frá fleiri bátum. Tekið skal fram að auk Agustson, voru Fiskkaup, Frostfiskur, Sjávariðjan og Stormur Seafood kaupendur af síld af smábátum allt til ársins 2014 eða þar til markaðsaðstæður og hátt gjald stöðvaði veiðarnar.

Veiðar smábáta á síld í lagnet eru umhverfisvænar, afla hágæðahráefnis, skapa fjölda starfa til sjós og lands. Þegar best lét störfuðu 15 manns hjá Agustson í Stykkishólmi og fjöldi sjómanna losaði 6. tuginn, auk þessa féllu til þjónustustörf í landi. Þá er hér einnig rétt að benda á nýtingu hafnarmannvirkja og síðast en ekki síst fylgja síldinni létt lund bæði við veiðar og þegar menn koma silfraðir í land.

Það sem hér hefur verið sagt er ætlað að veita nefndinni innsýn í síldveiðar smábáta. Því miður virðist útlit á mörkuðum lítið að breytast, en opnast markaðir aftur verður upphæð gjalds að vera sanngjarnt og **ekki** bundið við að smábátæigendur verði þeir einu sem greiða eins og gert er ráð fyrir í niðurlagi töluliðar 9.

Töluliður 10

LS gerir ekki athugasemdir.

Töluliður 11

LS leggur til að hluti þeirra tekna sem fást af ráðstöfun aflaheimilda á grundvelli ákvæða í þingsályktuninni verði varið til markaðssetningar þeirra fisktegunda sem greitt er af.

III. Athugasemdir við: „Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa“

LS er sammála þeirri skoðun sem fram kemur í kaflanum að þingsályktunartillagan sé einungis til eins árs. Það málefni sem hér er undir þarfnast mun meiri skoðunar og er það vel að það muni verða gert.

LS lýsir sig reiðubúið til að koma að þeirri vinnu sem fellst í greiningu á þeim ráðstöfunum sem nú eru við nýtingu þeirra 5,3% leyfilegs heildarafla sem ætlaður er til atvinnu-, félags- og byggðaráðstafana.



IV. Athugasemdir við – „Athugasemdir við einstaka liði tillögunnar“

1. Strandveiðar

LS mótmælir því sem fram kemur í fyrstu tveimur ml. sem orðast svo:

„Ráðgert er að strandveiðiheimildir verði sambærilegar við yfirstandandi fiskveiðiár þrátt fyrir að bráðabirgðabirgðaákvæði um aukningu til strandveiða ætti samkvæmt lögum að renna út við næstu fiskveiðiáramót. Heimildin er því aukin frá gildandi lögum.“

Bráðabirgðaákvæði sem hér er vitnað til er ekki lengur í lögum um stjórn fiskveiða. Það var felld út með L. 48/2014. Það er því rangt að verið sé að auka heimildir til strandveiða eins og haldið er fram.

Í töflu sem fylgir þessum lið er rangt að viðmiðun til strandveiða fiskveiðarárið 2012/2013 hafi verið 4.800 tonn af þorski og 1.200 tonn ufsi. Rétt er 6.800 í þorski og 1.800 í ufsa.

Í tillögum fyrir strandveiðar 2016 gerir þingsályktunin ráð fyrir hlutfallslegri skerðingu. Nú liggur fyrir að hámarksafli í þorski verði aukinn um 10%. Það er því ekki raunhæft að tölur fyrir komandi ár skuli ekki hækka. LS skorar á htv. atvinnuveganefnd að trggja að aukning á hámarksafli skili sér til strandveiða, ennfremur að heimildir sem fyrr er getið verði notaðar til að efla strandveiðar.

LS bendir á að almennur hljómgrunnur er um kröfu félagsins um aukið vægi strandveiða. Þar má nefna að eftirtalin byggðarlög hafa tekið undir kröfu LS um að aflaviðmiðun verði hækkuð á yfirstandandi strandveiðitímabili um 2.000 tonn:

[Vesturbyggð](#), [Ísafjarðarbær](#), [Bolungarvík](#), [Grundarfjörður](#), [Fjallabyggð](#), [Skagafjörður](#) og [Stykkishólmur](#).

2. Skel- og rækjubætur

Við hrun rækju- og skelveiða var samkomulag um að bæta útgerðum upp veiðitap með úthlutun bóta. Bótum vegna rækju var komið á fiskveiðarárið 1999/2000 og vegna hörpudisks 2001/2002. Við upphaf þeirra veiða þurftu útgerðir viðkomandi báta að láta frá sér þorskkvóta og var það í raun grunnurinn að samkomulaginu.

Með tímanum hefur eignarhald nokkurra þessa báta sem fengu bætur breyst. Bátar seldir og bætur með. LS leggur til að í stað flatrar skerðingar taki hún einvörðungu til framangreinda útgerða og þeirra aðila sem ekki hafa fullnýtt bætur með veiðum.

3. Byggðakvóti almennur

4. Sérstakur byggðakvóti Byggðastofnunar

Í umsagnarköflunum er vitnað til úttektar Vífils Karlssonar um *Mat á framkvæmd aflamarks Byggðastofnunar*. Meðal niðurstaðna í skýrslunni er að aflamark Byggðastofnunar hafi reynst árangursríkt í að styrkja byggð og koma í veg fyrir fólksfækkun. LS vekur athygli á að á þeim stöðum sem gert hafa samning við



Byggðastofnun er það þeim sameiginlegt að byggja á hráefni til vinnslu frá dagróðrabátum. Sú staðreynd ýtir enn betur undir tillögur LS um að almennur byggðakvóti verði eingöngu nýttur af þess konar útgerðarmynstri. LS mótmælir því að skerðingaráform á almennum byggðakvóta ná til dagróðrabáta.

5. Línuvillun

LS tekur undir þær hugleiðingar sem fram koma í kaflanum. Félagið leggur áherslu á tillögur sínar um tvö línuvillunarkerfi.

LS skorar á atvinnuveganefnd að hækka nú þegar viðmiðunarafla til ýsu og hann verði eigi lægri en 2.100 tonn.

6. Frístundaveiðar

LS gerir ekki athugasemd.

7. Áframeldi á þorski

8. Makrílheimildir

9. Aflaheimildir í síld

11. Tekjur sem fást við sölu aflaheimilda

Ítrekað er áður fram komið.

10. Skiptimarkaður með aflaheimildir

LS eru ljósir þeir erfiðleikar sem hafa verið við að kalla inn þær tegundir sem úthlutað er úr í pottana. Tryggja verður aðferð við innköllun þannig að nægjanlegt magn náist hverju sinni.

Virðingarfyllt

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Fiskveiðiárið 2014/2015

Tegund	Úhlutun	5,3% af úthlutun	Heimildir í skiptum 5,3%	Samtals	Hlutdeild úr heildarafla	Strandveiðar		Rækju- og skelbætur	
						hlutur	hlutdeild úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	216.000 tonn	11.448 tonn	8.510 tonn	19.958 tonn	9,24%	7.500 tonn	37,58%	1.385 tonn	6,94%
Ýsa	30.400 tonn	1.612 tonn	937 tonn	2.549 tonn	8,38%	0 tonn	0,00%	195 tonn	7,65%
Ufsi	58.000 tonn	3.074 tonn	412 tonn	3.486 tonn	6,01%	1.100 tonn	31,55%	372 tonn	10,67%
Steinbítur	7.500 tonn	398 tonn	610 tonn	1.008 tonn	13,44%	0 tonn	0,00%	48 tonn	4,76%
Samtals	311.900 tonn	16.532 tonn	10.469 tonn	27.001 tonn	8,66%	8.600 tonn	31,85%	2.000 tonn	7,41%

Tegund	Byggðakvóti		aflamark Byggðastofnunar		Línuviltun		Frístundaveiðar	
	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	5.094 tonn	25,52%	2.404 tonn	12,05%	3.375 tonn	16,91%	200 tonn	1,00%
Ýsa	717 tonn	28,13%	338 tonn	13,26%	1.300 tonn	51,00%	0 tonn	0,00%
Ufsi	1.368 tonn	39,24%	646 tonn	18,53%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%
Steinbítur	177 tonn	17,56%	83 tonn	8,23%	700 tonn	69,44%	0 tonn	0,00%
Samtals	7.356 tonn	27,24%	3.471 tonn	12,86%	5.375 tonn	19,91%	200 tonn	0,74%

Fiskveiðiárið 2013/2014

Tegund	Úhlutun	4,8% af úhlutun		Heimildir í skiptum 4,8%		Samtals	Hlutdeild úr heildarafla	Strandveiðar		Rækju- og skelbætur	
		hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti			hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	214.400 tonn	10.291 tonn	10.742 tonn	19.685 tonn	9,18%	7.500 tonn	38,10%	1.486 tonn	7,55%		
Ýsa	38.000 tonn	1.824 tonn	2.548 tonn	3.550 tonn	9,34%	0 tonn	0,00%	226 tonn	6,37%		
Ufsi	57.000 tonn	2.736 tonn	941 tonn	3.677 tonn	6,45%	1.100 tonn	29,92%	493 tonn	13,41%		
Steinbítur	7.500 tonn	360 tonn	880 tonn	1.195 tonn	15,93%	0 tonn	0,00%	50 tonn	4,18%		
Samtals	316.900 tonn	15.211 tonn	15.111 tonn	28.107 tonn	8,87%	8.600 tonn	30,60%	2.255 tonn	8,02%		

Tegund	Byggðakvóti		aflamark Byggðastofnunar		Línuviltun		Frístundaveiðar	
	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	5.574 tonn	28,32%	1.450 tonn	7,37%	3.375 tonn	17,14%	300 tonn	1,52%
Ýsa	988 tonn	27,83%	236 tonn	6,65%	2.100 tonn	59,15%	0 tonn	0,00%
Ufsi	1.482 tonn	40,30%	602 tonn	16,37%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%
Steinbítur	195 tonn	16,32%	50 tonn	4,18%	900 tonn	75,31%	0 tonn	0,00%
Samtals	8.239 tonn	29,31%	2.338 tonn	8,32%	6.375 tonn	22,68%	300 tonn	1,07%

Fiskveiðiárið 2012/2013

Tegund	Úhlutun	2,8% af úthlutun		Heimildir í skiptum 80%		Samtals*	Hlutdeild úr heildarafla	Strandveiðar		Rækju- og skelbætur	
		hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti			hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	195.400 tonn	2.955 tonn	36,61%	10.620 tonn	5,37%	18.575 tonn	9,51%	6.800 tonn	36,61%	1.433 tonn	7,71%
Ýsa	36.000 tonn	608 tonn	1,66%	2.432 tonn	6,76%	3.040 tonn	8,44%	0 tonn	0,00%	264 tonn	8,68%
Ufsi	50.000 tonn	500 tonn	1,00%	2.005 tonn	4,01%	3.605 tonn	7,21%	1.800 tonn	49,93%	367 tonn	10,18%
Steinbítur	8.500 tonn	225 tonn	2,65%	898 tonn	10,57%	1.123 tonn	13,21%	0 tonn	0,00%	63 tonn	5,61%
Samtals	289.900 tonn	4.288 tonn	32,65%	15.955 tonn	9,09%	26.343 tonn	9,09%	8.600 tonn	32,65%	2.127 tonn	8,07%

Tegund	Byggðakvóti		Áframeldi á þorski		Línuviltun		Frístundaveiðar	
	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti	hlutur	Hld úr potti
Þorskur	6.167 tonn	33,20%	500 tonn	2,69%	3.375 tonn	18,17%	300 tonn	1,62%
Ýsa	676 tonn	22,24%	0 tonn	0,00%	2.100 tonn	69,08%	0 tonn	0,00%
Ufsi	1.439 tonn	39,92%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%	0 tonn	0,00%
Steinbítur	160 tonn	14,25%	0 tonn	0,00%	900 tonn	80,14%	0 tonn	0,00%
Samtals	8.442 tonn	32,05%	500 tonn	1,90%	6.375 tonn	24,20%	300 tonn	1,14%

* Viðbætur í þorski (5.000 tonn) og ufsa (1.100 tonn) sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. I og IX